

verður þá málið dæmt, eins og það er lagt fyrir réttinn af áfrýjanda. Verður að taka til greina kröfur hans um að honum sé settur nýr eiðvinningarfrestur, og að dómurinn að öðru leyti sé staðfestur. Sem eiðvinningarfrestur þykir hæfilegt að setja hinn almenna fullnægingarfrest landsyfírréttardóma. Málskostnaðarkröfu áfrýjanda þykir eigi rétt að taka til greina, því að hin stefnda verður eigi talin að eiga sök á því að áfrýjandi varð að skjóta málinu til yfirdóms, og fellur málskostnaður fyrir því niður.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo að eiðvinningarfresturinn sé 8 vikur, frá löglegrí birtingu þessa yfírréttardóms. — Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 6. desember 1915.

Nr. 65/1915.

Einar M. Jónasson

gegn

Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni.

f. h. Landsbankans.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, yfirdómsmálaflutningsmaður Einar M. Jónasson, fyrir bæjarþingi.

Reykjavíkur gegn hinum stefndu, bankastjórum Landsbankans, Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni, og krafðist þess, að þeir yrðu dæmdir til þess fyrir bankans hönd að greiða sér 47 kr. 48 aur. með 6% vöxtum frá gjalddögum til borgunardags, svo og til að gjöra sér nákvæma skilagrein fyrir 1200 kr., er maður einn fyrir hans hönd hefði greitt Landsbankanum í desember 1911, og loks krafðist hann málskostnaðar. Var málið dæmt á bæjarþinginu 29. apríl þ. á., á þá leið, að hinir stefndu voru algerlega sýknaðir, en málskostnaður var látinn falla niður. Bæjþingsdómi þessum hefir Einar M. Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 24. septbr. þ. á., og hefir hann fyrir yfirdóminum krafist þess, að dóminum verði hrundið og gerbreytt þannig, að kröfur þær, er hann gerði fyrir bæjarþinginn verði nú að öllu leyti teknar til greina, og auk þess krefst hann málskostnaðar »að skaðlausu« fyrir báðum réttum »eftir mati yfirdómsins«. Hinir stefndu hafa fyrir hönd Landsbankans mótmælt öllum kröfum áfrýjanda og annars gert þá réttarkröfu, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur í öllum greinum.

Áfrýjandi hefir gert grein fyrir og sundurliðað kröfu sína á þá leið, að hann hafi ofgreitt Landsbankanum 2 kr. 15 aura við fjárnám, er gert var hjá honum eftir dómum í víxilmálum og hafi umboðsmaður bankans viðurkent, að þessi upphæð hafi runnið inn til sín; 5 kr. 33 aur. telur hann bankann hafa reiknað sér til skuldar 17. okt. 1913 sem afsagnarkostað og próvision fyrir 1603 kr. víxil, þótt hann þegar áður í desbr. 1911 hafi látið greiða þenn-

an kostnað að fullu; og loks heldur hann því fram, að bankinn hafi eigi gjört sér skil á 40 kr., sem sé afgangur af 1200 kr., er bankanum voru greiddar fyrir áfrýjanda hönd í desember 1911, enda hafi bankinn eigi enn gjört honum neina skilagrein fyrir því, hvernig þessum 1200 kr. hafi verið ráðstafað.

Um fyrstu upphæðina skal það tekið fram, að það virðist viðurkent af stefnda að Landsbankanum hafi 17. okt. 1913 verið greitt af hálfu áfrýjanda kr. 745.53, en í viðskiftaskilagreini bankans er greiðslan eigi talin hærrí en kr. 743.38, og segir umboðsmaður bankans, að hann hafi tekið mismuninn 2 kr. 15 au. til sín sem lítilfjörleg ómakslaun. Þetta var honum þó eigi heimilt að gera, og verður upphæð þessi að endurgreiðast áfrýjanda, hafi hún eigi orðið að ganga upp í önnur viðskifti bankans og áfrýjanda. Nú telur áfrýjandi að bankinn skuldi sig sama dag (=: $\frac{17}{10}$) ranglega fyrir afsagnarkostnaði og provision kr. 5.33, en eftir hinni ítarlegu skilagreini bankans, sem fram hefir verið lögð í málinu, er áfrýjandi í raun og veru skuldaður fyrir 10 kr. 33 aur. svo sem áminstum kostnaði, og af þessari upphæð átti áfrýjandi ógreiddar 5 kr. Að vísu er það tekið fram og bókað við fógetagerð 15. okt. 1913, að þá við gerðina hafi greiðst allur kostnaður við 3 víxla áfrýjanda, og virðist þar í einnig felast ofangreindur kostnaður. En eftir hinni glöggu skilagreini bankans, þar sem kostnaðurinn er sýndur lið fyrir lið, virðist þetta eigi geta verið rétt, og bankinn gat, þrátt fyrir bókunina í fógetaréttinum, heimtað það, sem ógreitt var af kostnaðinum eftir réttum reikningi. Og verð-

ur niðurstaðan súa, að áfrýjandi getur eigi talið til skuldar hjá bankanum upphæðir þær, er að framan greinir, kr. 2.15 og kr. 5.33, en að hann hins vegar virðist skulda honum ($5.00 \div 2.15 =$) 2 kr. 85 aur.

Um hinn þriðja kröfulið áfrýjanda, sem sé að Landsbankinn greiði honum 40 krónur sem afgang þeirra 1200 kr., er þriðji maður á að hafa borgað bankanum fyrir áfrýjanda árið 1911, og að bankinn nú geri honum skilagrein fyrir þessari greiðslu, er það að segja, að stefndi hefir eindregið mótmælt þessum kröfum áfrýjanda, neitað því, að áfrýjandi eigi 40 kr. eða nokkra aðra upphæð hjá bankanum og jafnframt tekið það fram, að hann hafi þegar áður fengið fullnægjandi skilagrein fyrir ráðstöfun nefndrar upphæðar. Gegn þessari neitun hefir áfrýjandi eigi sannað, að hann eigi 40 kr. kröfu á hendur bankanum, og það verður eigi heldur álitíð, að hann nú eftir nærfelt 4 ár hafi rétt til þess að heimta af bankanum skilagrein, er bankinn án efa hefir látið af hendi í desember 1911.

Samkvæmt hinu framanritaða verða kröfur áfrýjanda eigi teknar til greina að neinu leyti og verður því að staðfesta hinn áfrýjanda dóm eftir kröfu hinna stefndu. Eftir þessum úrslitum fellur málskostnaður niður, með því að hinir stefndu hafa eigi gert kröfu um hann.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.